

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-42/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 7. júní 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á nýrri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa beitt blekkingum við söluna með því að selja sér bifreið með framleiðsluárið 2015 en ekki 2016 og krefst afhendingar á nýrri bifreið.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 13. júlí 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 19. júlí 2016. Þann 10. ágúst 2016 var álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum þann 22. ágúst 2016. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga þann 6. september 2016 og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans 14. september 2016. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 5. október 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa farið til seljanda í febrúar árið 2016 og óskað eftir að kaupa nýja dökkbláa, fjögurra dyra Toyota Aygo bifreið, árgerð 2016, en álitsbeiðanda var tjáð að umrædd bifreið væri ekki til og væri í framleiðslu, afgreiðsluferlið væri einhverjar vikur og sending væntanleg. Álitsbeiðandi pantaði ekki bifreið hjá seljanda í það skipti og kveðst hafa viljað bíða aðeins. Í apríl 2016 segir álitsbeiðandi hafa komið í ljós að seljandi gæti selt álitsbeiðanda slíka bifreið sem væri væntanleg með skipi innan tveggja vikna. Er álitsbeiðandi mætti til seljanda var honum tjáð að hann gæti fengið bifreiðina innan við viku síðar og bifreiðin hefði verið tekin frá fyrir hann án þess að hann hafi verið látinn vita.

Úr varð að álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 10. maí 2016 af seljanda fyrir 1.958.757 krónur, auk þess sem álitsbeiðandi keypti aukahluti í bifreiðina fyrir 118.244 krónur. Um nýja bifreið var að ræða og taldi álitsbeiðandi að framleiðsluár hennar væri 2016, enda hafi sölumaður seljanda ekki nefnt annað.

Nokkrum dögum síðar kveðst álitsbeiðandi hafa fengið greiðsluseðil frá tryggingafélagi sínu þar sem fram kom að bifreiðin væri árgerð 2015. Við nánari athugun hjá Samgöngustofu kom í ljós að bifreiðin var forskráð hjá Samgöngustofu þann 23. desember 2015 og framleiðsluár hennar væri 2015. Álitsbeiðandi telur að sölumanni seljanda hafi verið fullkunnugt um að ekki kæmi annað til greina hjá álitsbeiðanda en að kaupa 2016 árgerð af bifreið og álitsbeiðandi hafi þess vegna beðið eftir bifreiðinni fram í maí. Segir álitsbeiðandi greinilegt að bifreiðin hafi staðið í geymslu einhverstaðar frá áramótum og fram í endaðan apríl 2016. Telur álitsbeiðandi furðulegt að bifreiðin hafi ekki verið til í febrúar 2016 en hafi

samt verið forskráð í desember 2015, tveimur mánuðum áður. Álitsbeiðandi kveðst hafa haldið að bifreiðin væri nýlega innflutt og þar með nýlega framleidd og sölumaður seljanda hafi vitað að hann hefði ekki keypt bifreiðina ef hann vissi að hún væri árgerð 2015.

Álitsbeiðandi óskaði eftir því hjá öðrum söluaðila Toyota að verðmeta bifreiðina og var verðið talið um 1.800.000 krónur, sem er kaupverð bifreiðarinnar, 1.960.000 krónur, með 15% afskriftum í hálf t. Verð bifreiðarinnar var því fundið með því að miða við að bifreiðin væri sex mánaða gömul. Þegar þetta átti sér stað voru um þrjár vikur frá kaupum

Álitsbeiðandi óskar þess að kannað verði viðskiptahætti seljanda og seljanda verði gert að afhenda honum nýja bifreið árgerð 2016, líkt og hann hafi talið sig vera að kaupa.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að um grundvallar misskilning sé að ræða hjá álitsbeiðanda um skráningu nýrra bifreiða og verðmat notaðra. Vörur sem komi hingað til lands bíða stundum á vörusvæði flutningsaðila áður en þær eru afhentar nýjum eiganda og raunin var sú í þessu tilfelli að sögn seljanda.

Seljandi segir að hugtakið „árgerð bíla“ hafi ekki verið notað í fjölda ára heldur sé ávallt miðað við fyrsta skráningardag bifreiðar. Vissulega sé óheppilegt að sum tryggingarfélag sendi viðskiptavinum sínum tryggingaryfirlit þar sem fram kemur árgerð sem sé líklega miðuð við forskráningardag er bifreiðin kemur til landsins. Eðlilegast væri ef tryggingarfélag miðuðu við þá dagsetningu sem bifreið er nýskráð, enda byrjar notkun hennar ekki fyrr en þá. Bifreiðin XX-000 var nýskráð þann 10. maí 2016 og því muni afskrift ávallt miða við upphafs dagsetningu þegar söluverð er metið. Sama gildi að sögn seljanda með upphafs dag ábyrgðar framleiðanda, sem er á nýskráningardegi en ekki þegar bifreiðin var forskráð.

Seljandi bendir á að aldursafskrift á Toyota Aygo sé 10% miðað við 12 mánaða gamlan bíl frá nýskráningardegi, en upphafsafskriftin sé þó 8% á fyrstu 9 mánuðunum og eftir það afskrifast verð mánaðarlega. Verðlistaverð bifreiðarinnar er 2.090.000 krónur og hafi verið óbreytt frá 1. október 2015. Ásett verð umræddrar bifreiðar væri því 1.923.000 krónur á fyrstu 9 mánuðum eftir kaupin og eftir 12 mánuði ætti ásett verð að vera um 1.881.000 krónur.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum vegna andsvara seljanda tekur álitsbeiðandi fram að í andsvörum sé hvergi minnst á þá staðreynd að sölumaður seljanda hafi beitt blekkingum við sölu á bifreiðinni, enda hafi hann leynt þeirri staðreynd að bifreiðin hafi staðið á hafnarbakkanum í marga mánuði og ákveðið verðfall vegna aldurs hefði átt sér stað. Bifreiðin sé tryggð sem árgerð 2015 og yrði líklega bætt sem slík ef til altjóns kæmi.

Álitsbeiðandi segir að sölumaður seljandi hafi vitað að álitsbeiðandi væri ákveðinn í að kaupa bifreið sem innflutt var árið 2016 og væri árgerð 2016. Þá segir álitsbeiðandi að hvergi komi fram í andsvörum seljanda hvaðan bifreiðin kom, enda var engin slík til í febrúar, mars og apríl en unnt að panta hana með 4-6 vikna biðtíma. Hafi því verið eðlilegt að áætla að það væri verið að panta bifreið erlendis frá en ekki verið að grafa á hafnarbakkanum eftir einhverjum bíl sem væri búinn að liggja þar í marga mánuði.

Bifreið sem forskráð er í desember er að sögn álitsbeiðanda vitanlega framleidd einhverjum mánuðum áður og svo flutt til landsins og nýskráð hálfu ári eftir forskráningu. Slík bifreið er samkvæmt álitsbeiðanda auðvitað ekki ný bifreið þó hún sé nýskráð. Bendir álitsbeiðandi á að þegar notaðar bifreiðar séu fluttar inn erlendis frá séu þær skráðar með sama fyrirkomulagi, forskráningu og nýskráningu, en það geri þær ekki að nýjum bifreiðum heldur gildi framleiðsluár. Þá bendir álitsbeiðandi á að misræmi sé í útreikningi seljanda, þar sem

annar umboðsaðili Toyota hafi reiknað út verðið 1.800.000 krónur í lok maí, en þann dag hafi sölustjóri seljanda sagt að verðið væri svipað og á nýrri bifreið.

Álitsbeiðandi tekur fram að við kaup og sölu bifreiða komi ávallt fram akstursnotkun í kílómetrum samkvæmt eiganda og mælinum og síðan komi fram framleiðsluár og nýskráningardagur. Slíkt hafi ekki komið fram í þessu tilfelli enda hafi það líkast til ekki hentað seljanda vegna framleiðsluársins þar sem álitsbeiðandi hefði ekki keypt bifreiðina ef framleiðsluárið hefði komið fram.

Álitsbeiðandi ítrekar kröfu sína um að seljandi afhendi sér bifreið líkt og þá bifreið sem hann hafi talið sig vera að kaupa.

VI

Frekari athugasemdir seljanda

Í frekari athugasemdum ítrekar seljandi fyrri andsvör sín. Segir hann kvörtun álitsbeiðanda bera vott um misskilning sem ekki ætti að vera til staðar ef hann hefði lesið andsvör seljanda. Þá er þess sérstaklega getið að sölustjóri seljanda hafi rætt við álitsbeiðanda undir meðferð málsins hjá nefndinni, útskýrt málið að nýju og boðið honum að koma til sín og fá nánari útskýringar. Það hafi álitsbeiðandi ekki gert.

VII

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 10. maí 2016 af seljanda ásamt aukahlutum fyrir samtals 2.077.001 krónur. Um nýja bifreið var að ræða en álitsbeiðandi telur seljanda hafa beitt svikum þar sem bifreiðin var forskráð í desember árið 2015 en álitsbeiðandi hafi óskað eftir því að kaupa bifreið sem væri árgerð 2016. Eftir kaupin kveðst álitsbeiðandi hafa komist að því að bifreiðin var í geymslu seljanda frá því í desember 2015 þar til í maí 2016 þegar álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni. Seljandi hafi hins vegar haldið því fram í febrúar árið 2016 að engin bifreið væri fánleg á landinu af þeirri gerð sem álitsbeiðandi óskaði eftir að kaupa, þ.e. ný dökkblá, fjögurra dyra Toyota Aygo bifreið, árgerð 2016. Seljandi hafi þó boðist til að panta slíka bifreið í febrúar og sagði að það tæki um fjórar til sex vikur, en álitsbeiðandi vildi bíða aðeins. Að sögn álitsbeiðanda kom í ljós í apríl 2016 að seljandi gæti selt honum bifreið sem væntanleg væri með skipi innan tveggja vikna. Þegar álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni kveðst hann hafa gert ráð fyrir því að bifreiðin hafi verið framleidd árið 2016 og sölumaður seljanda hafi ekki veitt honum aðrar upplýsingar. Álitsbeiðandi krefst þess að honum verði afhent ný bifreið, sem framleidd hafi verið árið 2016.

Seljandi byggir á því að um misskilning sé að ræða hjá álitsbeiðanda um skráningu nýrra bifreiða og verðmat notaðra. Vörur bíði stundum á vörusvæði flutningsaðila áður en þær eru afhentar eiganda sínum líkt og í þessu tilfelli. Þá segir seljandi að hugtakið „árgerð“ hafi ekki verið notað um bifreiðar í fjölda ára heldur sé ávallt miðað við fyrsta skráningardag bifreiðar.

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Söluhlutur telst gallaður samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. ef hann er ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru í 15. gr. Þá er söluhlutur gallaður samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr. ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda hafi vanrækslan haft áhrif á kaupin.

Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram gögn í málinu sem staðreyna efnislegt inntak þess samkomulags sem hann segir að hafi verið milli aðila en seljandi hefur ekki mótmælt þeirri fullyrðingu að bifreiðin hafi átt að vera ágerð 2016. Verður því stuðst við þær upplýsingar við úrlausn málsins.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfræðings til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í áliti sérfræðingsins kemur fram að bifreiðin var framleidd í desember árið 2015 og forskráð hér á landi þann 23. desember 2015. Telur sérfræðingurinn það galla í skráningu bifreiðarinnar hjá Samgöngustofu að árgerð eða framleiðsluár bifreiðarinnar hafi ekki verið skráð í ökutækjaskrá heldur aðeins forskráningardagur. Framleiðsluár bifreiða miðar við upplýsingar frá framleiðanda en ekki skráningu í einstöku landi sem flytur bifreiðina inn, en það getur verið túlkunaratriði hvaða dagsetning er notuð, dagsetning verksmiðjunúmers eða dagsetning forskráningar í bifreiðaskrá. Niðurstaða bifreiðasérfræðings í máli þessu er að bifreiðin er árgerð 2016 samkvæmt viðmiðum framleiðanda.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur vandséð í ljósi framangreinds að bifreiðin hafi ekki verið í samræmi við samning aðila, sbr. 1. mgr. 15. gr. nkpl. eða að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Þá hefur álitsbeiðandi ekki fært fram gögn sem staðreyna það að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna kaupa á bifreiðinni eða að bifreiðin sé af einhverri ástæðu verðminni en hann hafi búist við þegar kaupin fóru fram.

Er því ekki unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið gölluð sem veiti honum rétt til að beita vanefndarúrræðum gagnvart seljanda, þar á meðal kröfu um afhendingu nýrrar bifreiðar.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum. Þá var engin nefnd starfandi fyrstu fjóra mánuði ársins 2017.

VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson